

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 560/1997 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0703.9001	Blaðlaukur	27.10.-02.11.97	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	03.11.-15.03.98	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. október 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

23. október 1997

Nr. 590

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341, 5. júní 1997, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. tl. 2. gr. reglugerðarinnar er úr gildi felldur.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október 1997 til og með 28. febrúar 1998 er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 2. gr., að stunda veiðar með botn- og flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. október 1997.

Sjávarútvegráðuneytinu, 23. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.